

FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAG SUNNULÆKJARSKÓLA

Júní 2020

Kakófundur

Í janúar stóð foreldrafélagið fyrir kakófundum þar sem Kristín Tómasdóttir, rithöfundur kom og hélt fyrirlestur um það hvernig foreldrar geta stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd barna sinna. Yfir 100 manns mættu á fundinn sem heppnaðist vel. Starf foreldrafélagsins hefur, líkt og svo margt annað, ekki farið varhluta af COVID-19 og féllu aðrir fyrirhugaðir viðburðir því niður.



Skólaslit

Á skólaslitunum þann 5. júní sl. afhenti foreldrafélag Sunnulækjarskóla, bókasafni skólans styrk í formi bankakorts að upphæð 70.000 kr. Vonandi nýttist styrkurinn vel en börnin voru fljót að koma með góðar hugmyndir af nytsamlegum hlutum sem væri gaman að hafa á bókasafni skólans. Á meðfylgjandi mynd eru þau Anna Söderström, safnstjóri skólabókasafnsins og Birgir Edwald skólastjóri.



HRÓS!

Við viljum hrósa foreldrum fyrir góðar undirtektir við greiðslu gíróseðilsins en án ykkar væri starf félagsins lítið. Við óskum ykkur gleðilegs sumar og þökkum fyrir veturinn.

ÚTSKRIFTARFERÐ

10. bekkur Sunnulækjarskóla hélt í útskriftarferðina sína nú á dögnum en hún heppnaðist afar vel. Foreldrafélagið veitti nemendum styrk til ferðarinnar en einnig fengu nemendur í 8. og 9. bekk styrk frá félaginu þar sem þau byrja nú að safna fyrir ferðinni í 8. bekk.

